



Morgunblaðið, 28.01.2023, síðu 42, 43
grein stærð: 90.02 sm2
grein hæð: 8.89 sm

Klippimyndir Errós á nýrri sýningu

Ný sýning á verkum Errós verður opnuð í dag kl. 15 í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi og ber hún titilinn *Skörp skæri*. Má á henni sjá fjölda verka og þ. á m. stóran hluta yfir hundrað klippimynda sem Erró gaf safninu í fyrra. eru þær frá ólíkum tímum og e.k. lykill að mörgum að þekktustu verkum hans. Sýningin er í tilkynningu sögð gefa góða innsýn í hvernig hugmynd þróast frá samklippi yfir í aðra miðla á borð við málverk, flísaverk og prent. Á sýningunni má einnig sjá útgáfu af einu þekktasta verki Errós *Andlitaviðáttu* frá 1992 sem birtist sem veggmynd úr handmáluðum keramikflísum sem ætluð er framtíðarstaðsetning á Errósetri sem hugmyndir eru uppi um að koma á laggirnar á Kirkjubæjarklaustri þar sem hann ólst upp.



Klippt Erró með skæri í hendi að safna efni í klippimyndir.

Titill sýningarinnar vísar beint til verkfæris listamannsins og vinnunnar við að klippa til fundið prentefni og líka þeirrar skerpu sem einkennir verk og rýni Errós. Sýningarstjóri er Becky Forsythe og mun bróðir Errós, Ari Trausti, opna sýninguna.